

Umsögn íbúaráðs Breiðholts dags 19. ágúst 2021 um tillögur stýrihóps um innleiðingu íbúaráða:

Fulltrúum íbúaráðs Breiðholts þykja tillögur stýrihópsins að mestu finar. Ákveðið fagnaðarefni er að leitað sé leiða til útvega handhægan fjarfundabúnað á alla fundi sem gerir íbúaráðum kleift að bjóða upp á fundi í góðu streymi fyrir þau sem ekki komast á staðfund. Þetta fyrirkomulag eykur líkur á fleiri geti fylgst með fundunum að heiman. Ráðinu finnst vel að lagðar eru áherslur betri nýtingu fjármuna sem og leitað sé leiða til sparnaðar með því að nýta starfskrafta félagsauðsfulltrúa þjónustumiðstöðva borgarinnar er þekkja vel til hverfanna og verkefna sem er verið að vinna. Ráðið telur mikilvægt að upplýsingagjöf og auglýsingar um fundi ráðanna og dagskrá verði miðlæg og samræmd af hálfu borgarinnar þannig hún verði eins milli hverfa og ráða en ekki eins og er nú, til að gæta jafnræðis milli hverfanna.

Það er mjög mikilvægt að leiðir íbúa óháð aldri, tungumáli, búsetu og tölvuþekkingu til koma skoðunum sínum og ábendingum um það sem betur má fara séu einfaldar, notendavænar, vel kynntar innan og utan hverfisins. Sem og staða ábendinga/hugmynda, viðhaldsáætlana og nýfjárfestinga sé sýnileg öllum. Það þarf að vekja athygli á og kynna betur gagnsemi Borgarvefsjár, framkvæmdasjár og ábendingavefi - Vefir sem þarf að kynna betur og aðlaga að ólíkum aldri og tölvuþekkingu. Ráðinu finnst vefumhverfi sem Hverfið Mitt notast við vera gott og aðgengilegt. Það viðmót mætti þróa áfram, láta það tala við Borgarvefsjá og framkvæmdasjá. Það væri til fyrirmyndar að sjá langtíma fjárfestinga- og viðhaldsáætlanir fimm ár fram í tímann innan hverfanna og þannig fá íbúar vissan fyrirsjáanleika um stöðu verkefna.